

Priðjudaginn 21. marz 1944.

Nr. 3/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga** (Eggert Claessen hrl.)
 gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru á hendur verklýðsfélagi um að hafa stofnað til ólögmaets samúðarverkfalls. Ekki talið, að um verkfall væri að ræða.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefni 7. maí f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði.

Aðdragandi máls þessa er sá, að þann 27. nóv. 1942 hófst á Ísafirði verkfall af hálfu vörubilstjóra þar, en þeir hafa með sér félagsskap, sem er deild í verkamannafélaginu Baldri. Það er óvæfengt, að til verkfalls þessa hafi verið stofnað að lögum, en það stóð yfir fram á kvöld þann 12. des. s. á. Síðast nefndan dag, um kl. 8.30 að kvöldi, kom e/s Lagarfoss til Ísafjarðar að norðan og lagðist við bæjarbryggjuna. Munu þá hafa liðið um 2 klst. frá því að skipið var tilbúið til affermingar, þar til vinna hófst við það, en þá höfðu náðst samningar í bilstjóra-verkfallinu.

Stefnandi telur, að dráttur sá, er varð á því, að vinna við skipið hæfist, hafi stafað af samúðarverkfalli af hálfu verklýðsfélagsins Baldurs, til stuðnings bilstjórnum í deilu þeirra. Samúðarverkfall þetta telur stefnandi hafa verið ólögmaett, þar sem ekki hafi verið gætt fyrir mæla II. kafla laga nr. 80/1938, um framkvæmd þess. Eru dómkröfur hans í máli þessu þær:

1. Að ofangreint samúðarverkfall, sem verklýðsfélagið Baldur á Ísafirði gerði 12. des. síðastl., verði dæmt ólöglegt.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar eftir ákvörðun dómsins, fyrir að hafa með téðu samúðarverkfalli brotið ofangreind lög, og
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Staðhæfingu sína um það, að samúðarverkfall hafi átt sér

stað ca. tvo tíma framangreindan dag byggir stefnandi á því, að verkamenn hafi neitað að hefja vinnu, er verkstjóri sá, er vinnu stýrði, hafi boðið þeim það. Kveður hann ljóst, að stjórn Baldurs beri sök á þessari framkomu, því þennan dag hafi formaður verklyðsfélagsins tjáð bæði formanni Vinnuveitendafélags Ísfirðinga og afgreiðslumanni Eimskipafélags Íslands h/f þar á staðnum, að félagið ætlaði að hefja samúðarverkfall þá um kvöldið, er Lagarfoss kæmi að norðan. Þá hafi og stjórn Baldurs fest upp auglýsingu um verkfallið umræddan dag, er hafi verið svo tvíræð, að verkamenn hafi hlotið að skilja hana sem fyrirmæli um samúðarverkfall, og enda sýnt þann skilning sinn í verki með framkomu sinni. Telur stefnandi, að Vinnuveitendafélag Ísfirðinga hafi með þessu samúðarverkfalli verið á ólögmetan hátt þvingað til samkomulags í bílstjóraverkfallinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaður úr hendi hans eftir mati dómsins.

Neitar hann því, að nokkurt samúðarverkfall hafi átt sér stað í umrætt skipti, enda hafi stjórn Baldurs engin fyrirmæli gefið um, að samúðarverkfall skyldi hefjast. Orsök þess, að vinna hófst ekki strax við e/s Lagarfoss í umrætt skipti telur hann þá, að ekki hafi af hálfu vinnuveitandans verið gefin fyrirmæli um að hefja vinnu, þar sem beðið hafi verið eftir því, að bílstjóraverkfallinu lyki. Þá skýrir hann svo frá, að síðan 1932 hafi öll upp- og útskipun á bæjarbryggjunni á Ísafirði farið fram með þeim hætti, að vörunum sé ekið á bílum að eða frá skipshlið, og heyri slíkir flutningar að öllu leyti undir verksvið bílstjóranna. Verkamönnunum hafi því, eins og á stóð, verið rétt að hefjast ekki handa um flutning vörunnar að eða frá skipi, enda hafi um það eitt verið að ræða í þessu tilfelli, því að þeir hafi verið reiðubúnir til þess að hefja hverja þá vinnu, er félli utan starfsviðs bílstjóranna. Auglýsingu verklyðsfélagsins segir hann aðeins hafa hljóðað um það, að verkamenn mættu ekki vinna þá vinnu, sem bílstjórarnir væru vanir að vinna, og hafi hún því að öllu leyti verið lögmet. Þá mótmælir stefndi því, að formaður Baldurs hafi í samtalinu við framangreinda menn nefndan dag boðað samúðarverkfall af hálfu Baldurs.

Stefnandi hefur við munnlegan flutning málsins mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda, að sú venja sé þar vestra, að bílstjórar annizt alla flutninga, að og frá skipi, um bæjarbryggj-

una. Mómælið hann því, að verkamenn hafi í umrætt skipti aðeins látið hjá líða að hefjast handa um vinnu, sem ein-göngu verði talin bilstjóravinna.

Samkvæmt gögnum málsins og málflytningi aðilja hér fyrir dómi, verður að byggja á því, að frá því á árinu 1932 hafi allri upp- og útskipun um bæjarbyggjuna á Ísafirði verið svo háttáð, að flutningar á vörum að og frá skipi færu fram á bilum. Verður samkvæmt því að telja, að slíkir flutningar falli undir starfssvið bilstjóranna og hafi það því ekki verið ólög-mætt, sbr. 18. gr. laga nr. 80/1938, þó verklyðsfélagið Baldur legði fyrir félagsbundna verkamenn að vinna ekki slíka vinnu, og þeir neitað að inna hana af hendi.

Svo er að sjá, sem vinna hafi tafizt í nálægt tvo tíma í um-rætt skipti, 12. des. 1942, en ekki er framkomin full sönnun þess, að verkamenn hafi almennt neitað að hlýðnast fyrir-mælum verkstjórans um að hefja vinnu, og sérstaklega er það ósannað gegn eindregnum mótmælum stefnda, að verkamennu hafi þetta kvöld neitað, eða látið undan falla að hefja vinnu, sem samkvæmt framansögðu lá utan starfssviðs bilstjóranna. Það verður því ekki talið sannað, að ólöglegt samúðarverkfali af hálfu verkamanna hafi átt sér stað á Ísafirði nefndan dag.

Verður stefndi, þegar af þeirri ástæðu, ekki dæmdur til refs-ingar fyrir brot á lögum nr. 80/1938 vegna oftnefndrar vinnu-tafar. Fallast má á það, að auglýsing Baldurs hafi ekki verið allskostar ótvíræð, en þar sem ekki hafa verið sönnur á það færðar, að hlutaðeigandi verkamenn hafi farið út fyrir tak-mörk þess, sem leyfilegt var, getur útgáfa og birting hennar út af fyrir sig, þegar af þeirri ástæðu, ekki leitt til refsingar fyrir stefnda.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda og þykir rétt, eftir þessari niðurstöðu, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveit-endafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað innan

15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1944.

Nr. 3/1944. **Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands (Ragnar Ólafsson hrl.).

Varadómendur Sigtryggur Klemenzson fulltrúi og Sigur-
geir Sigurjónsson hrl. í stað Gunnlaugs E. Briems full-
trúa og Sigurjóns Á. Ólafssonar alþm.

Úrskurður.

Í máli þessu, sem höfðað er af Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórn-
ar Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands, er stefna gefin út
4. þ. m. og birt sama dag, en málið er þingfest í dag. Umboðs-
maður stefnda hefur óskað eftir viku fresti til gagnasöfnunar
úti um land og til andsvara. Umboðsmaður stefnanda hefur
neitað um lengri frest en einn dag.

Það er viðurkennt í málinu, að umboðsmaður stefnda hefur
fengið afrit þeirra skjala, er lögð eru nú fram við þingfestingu,
í sínar hendur að morgni þess 6. þ. m.

Með tilliti til þessa, og eftir atvikum þykir rétt að veita
stefnda frest til næstkomandi laugardags 13. þ. m., kl. 10 árd.,
til þess að tjá sig um kröfur stefnanda og leggja fram grein-
argerð af sinni hálfu.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist frestur til laugardags 13. þ. m., kl. 10 ár-
degis.